

Starfsáætlun

Leikskólans Álfasteins

2023-2024



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli..... | 2 |
| 1. Inngangur..... | 4 |
| 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun..... | 5 |
| 2.1 Innra mat leikskólans..... | 5 |
| 2.2 Ytra mat..... | 6 |
| 2.3 Húsnæði og lóð..... | 7 |
| 2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats..... | 8 |
| 3. Áherslur í starfi leikskólans..... | 9 |
| 3.1 Áherslur í starfi leikskólans, aðrar en koma fram í umbótaáætlun..... | 9 |
| 4. starfsmannamál..... | 10 |
| 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí..... | 10 |
| 4.2 Starfsþróunarsamtöl..... | 11 |
| 4.3 Símenntun frá síðasta ári..... | 11 |
| 4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum 2023-2024..... | 12 |
| 5. Aðrar upplýsingar..... | 12 |
| 5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023..... | 12 |
| 5.2 Foreldrasamvinna..... | 12 |
| 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla..... | 13 |
| 5.4 Almennar upplýsingar..... | 13 |
| 5.5 Áætlanir..... | 14 |
| Fylgirit..... | 14 |
| Matsgögn..... | 14 |
| Leikskóladagatal..... | 14 |
| Umsögn foreldraráðs..... | 14 |
| Annað..... | 14 |

1. Inngangur

Fyrir áhugasama sem þetta lesa er gott að hafa innsýn í hugmyndafræði leikskólans Álfasteins. Leikskólinn er fimm deilda skóli með 74 börnum. Helstu áherslur leikskólans er gagnrýnin og skapandi hugsun og er þar horft til hugmyndafræði John Dewey's. sem hefur verið eitt af leiðarljósum í skólastarfinu. Til að ná settu marki aðalnámskrár hafa kubbar Caroline Pratt verið stór þáttur í leik barnanna.

Skólaárið fór ágætlega af stað, leikskólarnir lokuðu í tvær vikur yfir sumarið, sem hafði þau áhrif að það var upphaf og endir á starfinu. Starfsfólk kom úthvildara til starfa vitandi hvað væri framundan.

Aðlögun milli deilda hófst strax eftir sumarfrí og gekk vel og var því hægt að hefja aðlögun nýrra barna í kringum 20.ágúst.

Í upphafi skólaárs stóðum við frammi fyrir mikilli áskorun er kom að starfsmannahaldi þar sem við stóðum frammi fyrir því að þyrftum að loka einni deild eða takast á við áskorun og ráða til okkar erlent starfsfólk, með kennarapróf og aðra háskólamenntun sem okkur leist vel á en bjó ekki yfir íslenskukunnáttu. Starfsmannahópurinn sameinaðist um að ráðast í það verkefni að taka á móti erlenda starfsfólkinu og koma því í veg fyrir að við þyrftum að loka deild.

Við erum svo lánsöm að fagfólki er enn að fjölga á Álfasteini, og útskrifast þrír kennarar með leyfisbréf á þessu skólaári og einn með B.Ed gráðu í leikskólakennarafræðum.

Hafnarfjarðarbær var í forystu um að taka það stóra skref að setja allt starfsfólk í 36 stunda vinnuviku. Félag leikskólakennara reið á vaðið varðandi útfærslu á því verkefni. Útheimti það mikla vinnu stjórnenda teymisins við skipulagningu starfsins.

Þar sem íslenskt leikskólastarfs er að þróast mikið með tilkomu fjölmenningar og fjölbreytileika var einn þáttur í símenntun starfsmanna námsferð til Búdapest þar sem við skoðuðum alþjóðlegan leikskóla, við fengum að sjá hvernig starfið er skipulagt og hvernig unnið er með fjölmenningu í gegnum starfið

Við vorum svo lánsöm að geta haldið námskeið í Búdapest með Ragnhildur Vigfúsdóttir sem fór með okkur til Búdapest. Á námskeiðinu var unnið áfram með starfsmannahópnum að því að byggja áfram á þeim grunni samskipta sem við leggjum áherslu á, næsta skólaár.

Mikið var um rannsóknir og var starfsfólk Álfasteins viljuga að taka þátt í flestum þeirra. Rannsóknirnar voru tengdar málþroska, vitsmunapróska, rannsókn á vegum landlæknisembættisins, rannsóknnum kennaranema í leikskólakennaranámi, ásamt öðrum minni rannsóknum starfsfólks í námi.

Við höldum í hefðir leikskólans og má þar helst nefna hjóladag, sumarhátíð, stærðfræðiviku, útskriftarferð elstu barna og að sjálfsögðu útskriftin og afmæli leikskólans ásamt öðrum hefðum.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Í matsteymi Álfasteins eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, fulltrúi leikskólakennara, fulltrúi starfsmanna, en nú vantar nýjan fulltrúa foreldra fyrir næsta skólaár.

Fyrir liggur **matsáætlun** þar sem kemur fram hvaða matsþættir eru metnir ár hvert, matsviðmið, matsaðferðir, framkvæmd og hverjir eru þátttakendur í matinu. Einnig liggur fyrir **umbótaáætlun** fyrir skólaárið 2023-2024 sem sem unnin var út frá niðurstöðum Skólapúlsins og starfsmannakönnunar sem Prósent framkvæmdi fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Matsáætlun tekur til þeirra þátta sem lögð var áhersla á í starfsáætlun skóla ársins 2022-2023. Þeir þættir voru **mannauðurinn, hópefli-styrkja starfsmannahópin, stefna leikskólans, heimspeki og jafnrétti.**

Eins og fram kom í matsáætlun leikskólans árið 2022-2023 var lögð áhersla á að efla og styrkja starfsmannahópin ásamt því að byggja upp traust sem við teljum vera grunninn að farsælu samstarfi og starfsánægju.

Á fyrsta skipulagsdegi í september var farið í stefnu leikskólans, Smt skólafærni ásamt samstarfssáttmála Álfasteins með öllu starfsfólki skólans. Þar sem stór hluti starfsfólks er með íslensku sem annað tungumál eins og fram hefur komið fórum við þá leið að skipta starfsmannahópnum upp í tvo hópa og hélt aðstoðarleikskólastjóri erindin á ensku fyrir erlenda starfsfólkið.

Við höfum lagt mikla vinnu í að bæta ennfremur starfið og starfsánægju starfsfólksins okkar. Til að gera enn betur fengum við Ragnhildi Vigfúsdóttur sem er markþjálfari með meiru og hefur unnið með stjórnendum í bænum með góðum árangri til að halda námskeið hér á Álfasteini fyrir allt starfsfólk leikskólans. Námskeiðið “*Jákvæðni og velliðan í lífi og starfi*” varð fyrir valinu þar leggur Ragnhildur áherslu á að bæta samskipti, opna sig og berskjalda með það að leiðarljósi að auka starfsánægju og ná betra jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Við fengum margvísleg ólík verkefni til þess gerð að víkka hugann og mynda sterkari tengsl, bæði við hvort annað og okkur sjálf. Þar sem 13 starfsmenn eru með íslensku sem annað tungumál sóttum við um styrk til BHM sem við fengum

samþykktan og gátum þar af leiðandi fengið til okkar þrjá túlka sem túlkuðu allt námskeiðið fyrir erlendu starfsmennina sem gerði algjöran gæfumun.

Í ár var tekin ákvörðun um að breyta út frá vananum og fara ekki á jólahlaðborð, sem hefur verið fastur liður hjá starfsmannahópnum undanfarin ár þar sem átti eftir að halda árhátíð. Árhátíðin var haldin í lok október með mat og uppistandi í gólf skála Keilis og var þátttakan yfir 90% sem við erum afskaplega ánægð með. Leynivinaleikurinn var á sínum stað í desember, kærleiksvika í febrúar og enduðum við þá viku með að fara öll saman út að borða og aftur var þátttaka yfir 90%. Í maí fór starfsmannahópurinn í námsferð til Búdapest og fóru 25 af 30 starfsmönnum með í ferðina sem er algjörlega frábær þátttaka og besta þátttaka í námsferð sem farin hefur verið. Starfsfólk er sammála um að ferðin hafi heppnast einstaklega vel, verið mikið hópefli og hópurinn orðinn sterkari sem aldrei fyrr. Við enduðum skólaárið með sumar-slútti í júní áður en starfsfólk fór að tynast í sumarfrí.

Það má með sanni segja að við náðum þeim markmiðum sem við lögðum upp með, starfsánægja jókst eins og fram kemur í starfsmannakönnun og starfsmannasamtölum og þátttaka var yfir 90% í öllum þeim viðburðum sem haldnir voru. Við hefjum næsta skólaár með fullmannaðan leikskóla og vorum við í þeirri stöðu að fagfólk með margra ára reynslu hafði samband við okkur þar sem það hafði heyrt góðan orðstír um leikskólann og hafði áhuga á koma til starfa en við höfðum ekki lausar stöður. Sú staðreynd staðfestir enn fremur að við höfum náð okkar markmiðum.

2.2 Ytra mat

Starfsfólk leikskólans tók þátt í tveimur könnunum þetta árið, annars vegar frá skólapúlsinum og hins vegar frá Prósent. Niðurstöður sýna bersýnilega að við erum að uppskera af þeirri vinnu sem lögð hefur verið í starfsmannahópinn og í að bæta starfsaðstæður. Starfsánægja mælist há, starfsfólki líður vel í vinnunni og hlakkar alltaf til að mæta til vinnu. Niðurstöður sýndu jafnframt að þrátt fyrir mikla starfsánægju upplifir starfsfólk mikið álag í starfinu ásamt því að starfsfólk upplifir ekki ánægju með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir. Teljum við að þær áskoranir að ráða til okkar margt starfsfólk með íslensku sem annað tungumál hafi verið okkur mjög lærdómsríkt en á hinn bóginn mjög krefjandi. Það reyndi einnig mikið á þá starfsmenn sem fyrir voru í öllu daglegu starfi og sérstaklega þar sem stuðningur við börn með sérþarfir er mjög hár í leikskólanum.

Hafnarfjarðarbær tók stórt skref í nóvember er varðar betri vinnutíma til að sporna við brotthvarfi kennara úr leikskólum yfir í grunnskóla, og fá leikskólakennara-menntað starfsfólk til baka. Félag leikskólakennara og Hafnarfjarðarbær fóru í samstarf þar sem unnið var að betri vinnutíma. Álfasteinn hefur upplifað þessa breytingu þar sem við höfum fengið til starfa leikskólakennara og þroskaþjálfara úr öðru sveitarfélagi. Á sama tíma og þetta jákvæða skref bæjarins var tekið hefur mætt

mikið á stjórnendum og starfsfólkinu öllu þar sem breytingar áttu sér ört stað. Því má segja að eitt stærsta verkefni sem stjórnendur fengu á þessu skólaári sem er að líða er *betri vinnutími starfsfólks* (stytting vinnuvikunnar). Verkefnið hefur verið mjög tímafrekt og krefjandi, margir deildarstjórar hafa gert hvert planið á fætur öðru til að láta dagana ganga upp þar sem enginn afleysing kemur í stað þess sem fer í vinnustyttingu. Það má sannarlega hrósa foreldrum fyrir stuðninginn og samstöðuna. Þegar kennarar fara í betri vinnutíma þá hafa mörg börn einnig farið í frí samhliða, þannig hefur þetta gengið upp.

2.3 Húsnæði og lóð

- Heilbrigðiseftirlitið kom og tók út leiktæki leikskólans. Í athugasemdum þurfti að fjarlægja vegasalt á lóð þar sem það skapaði slyshættu.
- Síðasta sumar var sett nýtt undirlag undir rólurnar. Athugasemd kom varðandi lítið undirlag og var í framhaldi farið í framkvæmdir og settar grasmottur undir allt rólusvæðið.
- Síðasta sumar var settur pallur í brekku þar sem rennibraut var áður. Á pallinn voru settir klifurhnútar. Þetta reyndist hættulegt og börnin gátu auðveldlega slasað sig á pallinum. Af frumkvæði starfsfólk voru hnúðarnir fjarlægðir og settir á trévegg upp við leikskólann. Þannig var útbúinn klifurveggur sem börnin hafa verið að æfa sig á og notið.
- Það má geta þess að haldið verður áfram að þróa listaverk í garðinum þar sem endurvinnsla á töppum hefur verið uppistaða í myndsköpuninni.
- Útielðhús kom í garðinn í vetur og hefur pollurinn sem endurnýjaður var síðastliðið vor nýst vel í sand og drullumall.
- Á vormánuðum fengum við nýja rennibraut í stað þeirra sem fjarlægð síðasta sumar.
- Fjarlægja gróður að framanverðu við leikskólann og setja hjólagrindur í staðinn.
- Færa sorptunnur og endurvinnslutunnur á einn stað við vestur inngang skólans.
- Mikilvægt er að bera viðarvörn á allt tréverk á lóð leikskólans, þar sem börn hafa verið að fá flísar og því slyshætta af.
- Mikilvægt að farið verði í að bæta vinnuástöðu starfsfólks.
- Vantar aðstöðu fyrir aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra.
- Undirbúnings herbergi starfsfólks of lítið
- .Víða á eftir að endurnýja gólfdukk
- Dúkleggja veggum með hvítum dúk þar sem á eftir að dúkleggja, þar sem gleymst hefur að grunna veggum skólans og því ekki hægt að festa neitt á veggum.

2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats

Á næsta ári er markmiðið að **auka samvinnu milli deilda, samræma dagskipulag** þar sem við á (sami aldur), t.d. **könnunarverkefni, sköpun, matartímum** og fleira. Auka **teymisvinnu**, setja á og skipuleggja teymi sem huga að ólíkum málefnum innan leikskólans t.d., **matmálstímateymi, sérkennsluteymi** og **innramatsteymi**. mikilvægt að setja niður fasta fundartíma fyrir teymin. Einnig er áætlað að meta **í uppeldis og menntastarfi** hvernig við getum aukið við og styrkt orðaforða barna í **samverustundum** og **hópastarfi**, nýtt myndræna orðaforðalistann sem unnin var í þróunarverkefni leikskólans og notast meira við sjónrænan efniðvið þar sem barnið er virkur þátttakandi. Starfsmaður í leikskólanum sem stundaði M.T nám frá Háskóla Íslands gerði í vetur verkefni um mikilvægi samverustunda og vann að efni sem tók á öllum þroskaþáttum, bæði í formi laga, sögustunda og leikja. Hún útbjó efni sem allt var myndrænt. Árangur skilaði sér strax, börnin skildu betur söguna, merkingu orða og hugtaka sem unnið var með. Því verður unnið áfram með hennar verkefni inn á allar deildar leikskólans. Á yngri deildunum hefur verið lögð meiri áhersla á fjölbreyttari samverustundir og starfsfólk nýtti sér leiðbeiningar meistaranemans með frábærum árangri. Mat á samverustundunum mátti sjá í ánægjulegri samverustundum þar sem börnin voru virkir þátttakendur. Úthald barnanna var meira og þau báðu um aftur og aftur ákveðna hluti úr samverustundunum sem sýnir greinilega áhuga þeirra og ánægju.

Málörvunarstundir og orðaforða innlögn verður metin jafnt og þétt yfir árið með skráningum og eftirfylgni deildarstjóra og stjórnenda. Einnig ætlum við að endurskoða **matmálstímana** og setja á matar-teymi sem mun leiða þá vinnu ásamt öllu starfsfólki skólans. Næsta skólaár ætlum við að festa í sessi **teymisvinnu**, setja á **sérkennsluteymi, matsmálstímateymi** og **innramatsteymi**, gera teymin fleiri og markvissari. Við ætlum að halda áfram að auka **samvinnu milli deilda**, deila þannig þekkingu og efnivið auk þess sem það er frábær handleiðsla þegar starfsfólk vinnur í náinni samvinnu. Þannig teljum við að við getum einnig dregið úr **álagi í starfinu** ásamt því að rýna í starfshætti með það að leiðarljósi að **draga úr álagi**. Innan starfsmannahópsins munum við leggja áherslu á að halda áfram vinnunni sem við höfum verið í sem byggir á samskiptasáttmála leikskólans. Við ætlum að hafa það skjal lifandi plagg, í orði og á borði.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur í starfi leikskólans, aðrar en koma fram í umbótaáætlun

Í **matmálstímum** verður lögð meiri áhersla á orðanotkun og hugtakaskilning. Má þar nefna að sem dæmi eru börnin spurð: ”viltu hringlótt eða ferhyrnt kek” á enn yngri börnum er spurt “viltu hringlangt eða stórt kek”. Í ávaxtastund er spurt hvort barnið vilji og nefnir heiti ávaxtanna. Þetta hjálpar öllum börnunum og starfsfólki að læra heiti og form.

Áfram verði lögð áhersla á að börnin verði virkið þátttakendur í að velja hvaða valsvæði eru í boði dag frá degi. “Hvaða valsvæði eigum við að hafa í boði í dag”

Halda áfram með aðferðina **Gefðu 10** og þar sem markviss vinna náðist er greinilegur ávinningur fyrir barnið og aukning á orðaforða. Einnig hefur þessi aðferð verið nýtt í ólíkum aðstæðum eins og hvatningu og jákvæða hegðun.

Áfram verður unnið með **Blæ** og **Lubba**, haldið áfram þeirri vinnu að börnin koma með hlut að heiman sem byrjar á máhljóði vikunnar. Má þar til gamans geta að foreldrar eru orðnir mun virkari og koma með hluti tengda máhljóði Lubba. Sjá má að þau börn sem koma með hlut að heiman eru mun meðvitaðri um hvert er máhljóð/stafur vikunnar.

Á elstu deild verður áhersla lögð á **útinám**, þá helst að prófa sig áfram með að baka lummur eða poppa úti. Einnig að nýta gönguferðir og útiveru í málörvun, nota náttúruna sem er allt í kringum okkur, t.d. steina eða blóm til að mynda stafi og fl.

Unnið verður áfram með börnum sem þurfa viðbótar **málörvun** í lotum sem standa í sex vikur í senn. Eftir hverja lotu er endurmat og þau börn sem þurfa að halda áfram koma í hópinn aftur og ný börn bætast við.

SMT skólafærni hefur náð að festa sig í sessi og því verður haldið áfram á þeirri vegferð að stuðla að jákvæðum samskiptum í leikskólastarfinu, t.d. með samræmdum vinnubrögðum starfsfólks, en það veitir öryggi í leik og starfi.

4. starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

| Starfsheiti | Fjöldi | Starfshlutfall | Menntun |
|---------------------------------|--------|--------------------------|---|
| Leikskólastjóri | 1 | 100% | M.Ed í Stjórnun menntastofnanna og leyfisbréf |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1 | 50+50% | B.Ed í leikskólakennarafræði og leyfisbréf |
| Sérkennslustjóri | 1 | 60+40% | Þroskaþjálfari + fötlunarfræði |
| Deildarstjórar | 5 | 100 x5% | 2 leikskólakennarar /leyfisbréf 1 B.s sálfræði 1 B.ed í kennslufræðum 1 leikskólaliði |
| Leikskólakennari | 1 | 100% | Leyfisbréf |
| Leiðbeinandi í KÍ og fræðagarði | 9 | | 1 master í söng 2 verkfræðingur 1 Tónlistarkennari 2 Kennarar án leyfisbréfs 1 klínískur sálfræðingur 1 Hagfræði 1 Landbúnaðarfræði |
| Leiðbeinendur | 5 | 100x5% | 1 1,5 ár í HÍ leikskólakennaranám 1 stúdentspróf 3 Grunnskólapróf/ aðra menntun |
| Sérkennsla | 5 | 3x100% 1x75% 1x85% | 2 Þroskaþjálfari 1 sérkennari m leyfisbréf 1 háskólamenntaður starfsmaður 1 B.S í sálfræði 1 háskólamenntaður starfsmaður |
| Matráður | 1 | 100% | Matráður með próf frá Póllandi |
| Aðstoð í eldhúsi | 1 | 0,90% | Stúdentspróf |

Við höfum verið svo heppin að margir starfsmenn eru búnir að vera í námi og nú erum við að uppskera. Þrír starfsmenn útskrifast í júní með leyfisbréf og einn með B.E.d gráðu í leikskólakennarafræðum og ætlar áfram í meistaranám. Til viðbótar hefur einn starfsmaður sem kemur til okkar í haust skráð sig í meistaranám í leikskólakennarafræðum, annar að hefja B.E.d nám í haust og einn í fagháskólaháskólanám í leikskólafræðum.

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Þetta skólaárið var eitt starfsþróunarsamtal sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku saman að ósk starfsfólksins. Við nýttum staðlað starfsþróunar samtalsblað frá mannauðsstjóra. Til viðbótar við það óskuðum við eftir við starfsfólk að nefna okkur þrjá styrkleika sína. Síðustu ár hafa styrkleikaspjöld verið nýtt í starfsmannasamtölunum þar sem hver starfsmaður þarf að huga að eigin styrkleikum og hvernig nýta má þá í starfi. Allt starfsfólk átti auðvelt með að nefna styrkleika sína sem sýnir okkur að starfsfólk þekkir styrkleika sína og hefur náð að tileinka sér frá undanförunum starfsþróunarsamtölum.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri kláruðu námskeiðið “Dare to lead” í Prag ásamt stjórnendum í leikskólum Hafnarfjarðar sem var í höndum Ragnhildar Vigfúsdóttur Markþjálfara með meiru.
- Álfasteinn og Vesturkot sameinuðu krafta sína og héldu saman slysavarnanámskeið sem haldið var í leikskólanum Vesturkoti í nóvember 2022
- 2 fóru á námskeið Greiningarstöðvar í Náttúruleg kennsla. 9. Nóv. 2022.
- Einn starfsmaður fór á AEPS námskeið
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu ráðstefnu á vegum RannUng í nóvember 2022.
- Tveir deildarstjórar yngri og eldri deildar sóttu fagfund læsis á vegum mennta og lýðheilsusviðs.
- Ragnildur Vigfúsdóttir kom með námskeið fyrir allt starfsfólkið sem heitir **Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi**. Fyrsti hluti var á starfsmannafundi 19. janúar og síðan á Skipulagsdag 27. febrúar 8 tíma. Fengum við þrjá túlka til að vera með okkur allan daginn og túlka námskeiðið fyrir erlenda starfsfólkið.
- Námsferð til Búdapest 16-20 maí.
- 2 starfsmenn stunda meistaranám í leikskólakennarafræðum og útskrifast frá HÍ í júní 2023
- 1 stundar meistaranám í kennslufræðum frá HA og útskrifast í júní 2023
- 1 stundar B.ed nám í leikskólakennarafræðum og líkur því í vor og ætlar áfram í meistaranám
- Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri kláruðu námskeið í mati á leikskólastarfi í janúar 2023 en það námskeið hafði staðið yfir í tvö ár.
- 1 starfsmaður sótti námskeið í “leikskólinn og ADHD” hjá ADHD félaginu.
- Leikskólastjóri sótti námskeið hjá Barnaheill.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum 2023-2024

- Starfsfólk hefur óskað eftir eftirfylgni á næsta skólaári á námskeiði sem Ragnhildur Vigfúsdóttir var með fyrir starfsmannahópinn.
- Í starfsþróunarsamtölum komu fram óskir um fræðslu fyrir allt starfsfólk varðandi barnavernd og einkenni áfalla og ofbeldis hjá börnum.
- Á skipulagsdegi í september og nóvember verður farið í stöðvavinnu þar sem nýttur verður mannauður innan starfsmannahópsins og farið í eftirfarandi þætti: barnasáttmálinn, mikilvægi sköpunar, mikilvægi orðaforða, heimspeki og lýðræði, SMT og stefna leikskólans. Þannig viljum við byggja á lærdómssamfélagi og nýta þá þekkingu sem býr í mannauði Álfasteins.
- Hvetja starfsmenn til að sækja þau námskeið sem í boði eru hverju sinni.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023

- Fjöldi barna í leikskólanum.73
- Kynjahlutfall.33 stúlkur og 40 drengir
- Dvalarstundir. 719
- Deildargildi.3,74
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki. Eru alls 10 börn
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað). 23
- Fjöldi barna með greint ofnæmi 5
- Fjöldi barna með fæðuóþol 14 börn.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku. 22
- Fjöldi tungumála. 11
- Þjóðerni forsjáraðila 35

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla ber að hafa þrjá fulltrúar í foreldraráði. Allar skýrslur sem sendar eru til fræðsluráðs hafa verið sendar til foreldraráðs til yfirlstrar og samþykktar og ábendingar frá þeim teknar til umfjöllunar. Nýtt foreldraráð tók til starfa í haust og eru það Hrönn Árnadóttir sem einnig er formaður

foreldrafélagsins, Lára Sif Sigurjónsdóttir og Hafrún Lilja Elíasdóttir. Hrönn lætur af störfum nú og þökkum við henni gott og ánægjulegt samstarf.

Foreldrafundir

Foreldrafundir voru haldnir fyrir nýja foreldra þar sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri kynntu hugmyndafræði og áhersluþætti í starfi leikskólans og þær áskoranir sem leikskólinn stóð frammi fyrir. Miklar og góðar umræður sköpuðust meðal foreldra sem sýnir mikilvægi þessara funda.

Foreldraviðtöl

Boðið er upp á formleg foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið. Farið er yfir stöðu barnsins, TRAS og þær skimanir sem gerðar eru hverju sinni, styrkleika þess og hvernig leikskólinn og foreldrar geti unnið í samvinnu með styrkleika barnsins og þeim þáttum sem þarf hverju sinni.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið var virkt í vetur og vel haldið á spöðunum. Í stjórninni eiga að vera 2 fulltrúar frá hverri deild. Hins vegar voru einungis 3 virkir foreldrar og verður bragabót gerð á því fyrir næsta vetur. Góð innheimta var á gjöldum og börnin nutu ýmissa skemmtilegra afþreyingar þetta árið. Jólasveinn kom á jólaballið, foreldrafélagið greiddi fyrir hoppikastala og latibær kom í heimsókn á sumarhátíð skólans.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Elstu börnin fóru í heimsókn á bókasafn Hvaleyarskóla, þar sem bókasafnsvörðurinn kynnti bók og las fyrir þau og bauð þeim að skoða safnið. Einnig fengu börnin að koma í samsöng yngsta stigs Hvaleyarskóla fyrir jól. Á vormánuðum var farið í vorskólann þar sem börnin fengu kynningu á grunnskólanum.

Hverfasamstarf á Hvaleyraholti var 17. Janúar þegar Bjartey Sigurðardóttir kom og kynnti niðurstöður stöðumats 1 bekkinga sem voru að koma úr leikskólanum.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdaga og aðra fasta viðburði er að finna á skóladagatali leikskólans, en þar má sjá skipulagsdaga og skerta daga ásamt öðrum mikilvægum dagsetningum.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Álfasteins:

Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:

- einelti
- ofbeldi
- annað

Viðbragðsáætlun við:

- slysum
- áföllum
- Heimsfaraldur
- annað
- Öryggisáætlanir
- Rýmingaráætlun
- Vinnuverndaráætlun
- Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina
- <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Fylgirit

Matsgögn

Leikskóladagatal

Umsögn foreldraráðs

Annað